



## Tillaga

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

### **Efni tillögu: Breytingar á rekstri og starfsemi Vinjar**

Lagt er til að þjónustumiðstöð Miðborgar, Vesturbæjar og Hlíða yfirtaki rekstur Vinjar á Hverfisgötu og vinni að því að samþætta félagsstarfið í Vin við rekstur félagsmiðstöðva annarsstaðar í borginni. Starfið í Vin verði hluti þeirrar endurskoðunar sem fram fer á félagsstarfi velferðarsviðs en í Reykjavík eru reknar 17 félagsmiðstöðvar. Ljóst er að slík útfærsla hefði minnst áhrif á fastagesti Vinjar. Samkvæmt þjónustusamningi er áætlaður kostnaður við rekstur Vinjar kr. 46 m.kr. á ári. Ef velferðarsvið tekur reksturinn yfir rúmast kostnaður innan fjáheimilda.

### **Greinargerð:**

Á fundi velferðarráðs þann 20. janúar 2021 var lagt fram erindi Rauða krossins vegna reksturs Vinjar. Velferðarráð lagði fram eftirfarandi bókun:

*Velferðarráð þakkar Reykjavíkurborg Rauða krossins kærlega fyrir mikilvægt starf við rekstur Vinjar. Jafnframt er velferðarsviði falið að útfæra tillögur að þjónustu og stuðningi við þann hóp sem sækir Vin daglega í samráði við notendur, hagsmunaaðila og fagfólk.*

Með erindisbréfi dags. 29. janúar 2021 (fylgiskjal 1) var starfshópi falið að útfæra tillögur að þjónustu og stuðningi við þann hóp sem sækir Vin daglega í samráði við notendur, hagsmunaaðila og fagfólk.

Alls fundaði hópurinn sjö sinnum og fékk til sín ýmsa gesti. Í fylgiskjali 2 er gerð grein fyrir niðurstöðum hópsins. Þar kemur m.a. fram að það sé samdóma álit þeirra sem starfshópurinn ræddi við að Vin gegni og hafi gegnt mikilvægu hlutverki í lífi þeirra einstaklinga sem glímt hafa við langvarandi og alvarlega geðsjúkdóma.

### **Starfið í Vin:**

Í árskýrslu Vinjar frá 2020 kemur fram að alls hafi 78 gestir/notendur sótt starfsemi Vinjar á árinu. Gestakomur höfðu dregist saman frá árinu 2019 vegna COVID-19 en gestakomur árið 2019 voru 7852 en 4548 árið 2020.

Að mati forstöðumanns Vinjar má greina ákveðinn kjarnahóp gesta sem mætir mjög reglulega eða þrisvar til fimm sinnum í viku. Til þessa hóps telja í dag 34 einstaklinga, á aldrinum 40 – 70 ára og eldri. Um er að ræða 24 karla og 10 konur. Af hópnum búa 16 einstaklingar í íbúðakjarna/sértæku húsnæði á vegum velferðarsviðs, tíu einstaklingar stunda einhverja aðra virkni en hjá Vin en talið er að 18 einstaklingar ættu mjög erfitt með að nýta önnur úrræði en Vin, ef slíku væri almennt við komið. Hádegisverður og samvera er algjört lykilatriði fyrir stóran hóp gesta sem ekki finnur sig í að elda sjálfur. Í Vin geta gestir tekið þátt í öllum undirbúningi, m.a. ákvörðun um matseðil, framkvæmd og frágang. Mikil virkni gesta tengist hádegisverði og samveru, vikulegum skipulagsfundum, sjálfshjálparhópum, listasmiðju og virknihópum sem og ferðafélagi og skákkfélagi. Áhersla er á þátttöku í samfélaginu utan Vinjar og umræðu um samfélagsleg málefni. Í Vin berast ferskir straumar með nemum, sjálfboðaliðum og öðrum gestum.

Að sögn forstöðumanns Vinjar grundvallast starfið í Vin meðal annars á jafningjaviðhorfi í verki, mannúð og mannvirðingu. Mikil áhersla er á lýðræðisleg og fagleg vinnubrögð ekki síður en léttleika og jákvæðni en saman mynda þessir þættir meðal annars „Vinjarkúltúrin“ svonefnda. Annað sem að mati forstöðumanns er grundvöllur þess að fólk með alvarlega geðfötlun upplifi sig öruggt í Vin er sveigjanleiki í starfseminni og einstaklingsmiðuð nálgun í stuðningi við hvern og einn. Að mati forstöðumanns hefur náðst góður árangur í virkni með því að bjóða upp á fjölbreytt úrval virkniverkefna án kröfu um þátttöku, s.s sjálfshjálparhópa, samveru, skákkfélag og ferðafélag. Þessi virkniverkefni eru valdeflandi og styðja við sjálfstæði, félagsfærni og endurhæfingu en alvarlegri geðfötlun fylgir oft rof á mikilvægri félagslegri þjálfun í uppvexti.

Rauði krossinn hefur nýtt sjálfboðaliða í starfinu sem að sögn forstöðumanns Vinjar gefur gestum ákveðið valdeflandi hlutverk sem felst í því að kynna starfsemina fyrir sjálfboðaliðum. Sjálfboðaliðar hafa einnig stuðlað að því draga úr einsleitni þeirra sem dvelja í húsinu og gefa starfseminni jákvæðan blæ. Sjálfboðaliðar hafa staðið fyrir opnu húsi á sunnudögum í Vin. Ef starfsemi Vinjar yrði fram haldið mætti mögulega eiga samstarf við Rauða krossinn um aðkomu sjálfboðaliða að starfinu.

### **Sjónarmið gesta starfshópsins:**

Á fundi með 16 gestum Vinjar var farið yfir þá ákvörðun Rauða krossins um að segja sig frá starfsemi Vinjar. Gestir vildu koma því á framfæri að gildi Rauða krossins um mannvirðingu, jafningjaviðhorfi og mannúð og hafi verið leiðarljósið í starfseminni og stuðlað að valdeflingu þeirra. Aðspurð um hvaða breytingar þeir vildu sjá á starfseminni þá óskuðu gestir eftir því að starfsemi Vinjar haldist sem óbreyttust. Segja ferðaklúbbinn, skákkklúbbinn, geðklofahópin, aðgang að hádegismat og samveru og þátttöku í kringum hann vera gestum afar mikilvægt og vilja halda í þá viðburði. Fram kom að það væri gott ef félagsráðgjafi kæmi af og til í Vin, að úrræðin væru fjölbreytt t.d. að boðið væri upp á söng, listviðburði, kennslu á rafrænar lausnir og hafa í húsinu sjálfboðaliða og nema. Fram kom að stundum væri húsnæðið í Vin of lítið og það mætti vera meira pláss til að fást við ýmsa afþreyingu.

Fram kom hjá geðhjúkrunarfræðingum sem haldið hafa utan um svokallaðan geðklofahóp hjá Vin, að sú starfsemi sem rekin er í Vin sé mikilvægur liður í að viðhalda bata fólks með geðklofa. Dæmi þess er að hópurinn hefur getað tekið þátt í ferðafélagi Vinjar sem er merki þess hversu vel sé staðið að þjónustu við hann. Að mati þeirra er afar mikilvægt fyrir þennan hóp að eiga stað sem þeir geti litið á sem sinn en margir í hópnum hafi ekki getað nýtt sér önnur úrræði. Áhersla var lögð á að vegna sjúkdóms þeirra sem stunda hópastarfið, væri hópurinn viðkvæmur fyrir breytingum og því þurfi að vanda vel allan undirbúning að þeim breytingum sem kunna að verða.

Forstöðumenn á heimilum fyrir geðfatlaða á velferðarsviði sem rætt var við voru sammála um að Vin gegndi mikilvægu hlutverki í lífi íbúa og ef starfsemi Vinjar félli niður þá hefði það áhrif á lífsgæði þeirra. Bent var á að með áherslu velferðarsviðs á sjálfstæða búsetu þá væri aukin hætta á einangrun og það gerir starfsemi Vinjar enn mikilvægari. Hins vegar væru alltaf tækifæri til breytinga á úrræðum og þá í samstarfi við þá sem þau sækja. Fram kom að mögulega væri hægt að finna starfsemi Vinjar farveg innan félagsstarfs velferðarsviðs og þannig mætti þróa starfsemina innanfrá.

Framkvæmdastjóri Geðhjálp lagði áherslu á að allar ákvarðanir um Vin yrðu teknar í samráði við notendur og hugað yrði að líðan þeirra og vilja. Fram kom hjá framkvæmdastjóra sem og framkvæmdastjóra Hlutverkaseturs að ekki mætti horfa fram hjá því að almennt séð ætti að forðast að jaðarsetja hópa fólks og það væri í andstöðu við hugmyndafræðilega strauma og stefnur að ýta undir sértæk úrræði. Áhersla þyrfti að vera á almenna samfélagsþátttöku viðkomandi einstaklinga án aðgreiningar. Framkvæmdastjóri Hlutverkaseturs lagði á það áherslu að ef gera þyrfti breytingar, sem stundum er óhjákvæmilegt og jafnvel sársaukafullt, þá þurfi að fylgja þeim videigandi stuðningur til þeirra einstaklinga sem hagsmuna eiga að gæta.

Upplýsinga var aflað frá sambærilegum geðúrræðum þ.e. Læk í Hafnarfirði, Laut á Akureyri og Dvöl í Kópavogi en starfsemi þeirra er ekki lengur í höndum Rauða krossins. Fram kom að gott samstarf við sveitarfélögin til lengri tíma hefði auðveldað yfirfærsluna til muna og væri ekki að heyra á gestum að það skipti þá máli að Rauði krossinn hefði horfið frá borðinu. Aðalatriðið var að starfsemin, staðurinn og starfsfólkið væri til staðar fyrir hópinn. Minnst var á að ein helsta ógnin við starfsemina gæti falist í „miðstýringu“ sem ekki tæki mið af þörfum og óskum gestanna og mikilvægt væri að halda sjálfstæði einingarinnar í lengstu lög.

### **Mat starfshópsins:**

Að mati starfshópsins vegast á tvö mikilvæg sjónarmið um starfsemi Vinjar. Í fyrsta lagi beri að vinna gegn því að ákveðnir hópar séu jaðarsettir eða aðgreindir í samfélaginu og því eigi ekki að draga fólk í dilka með því að búa þeim sérúrræði. Annars vegar er ljóst að starfsemi Vinjar hvílir á sterkum grunni og það er ákveðinn kjarnahópur gesta sem mögulega gæti illa nýtt sér önnur úrræði samfélagsins. Ef núverandi starfsemi væri hætt yrði mikil hætta á félagslegri einangrun þessa hóps.

Ljóst er að hvor tveggja sjónarmiðin birtast í gildandi mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar þar sem fram kemur að Reykjavíkurborg sem miðstöð þjónustu skuli tryggja jafnan aðgang að þjónustu fyrir fatlað og ófatlað fólk og þjónustan skuli taka mið af þörfum ólíkra hópa fatlaðs fólks. Í stefnu Reykjavíkurborgar um þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum 2013-2023 er með tilvísun í 19. gr. Samnings

Sameinuðu þjóðanna til að lifa sjálfstæðu lífi og án aðgreinigar í samfélaginu, m.a. lögð áhersla á að :

- fatlað fólk hafi aðgang að margs konar félagsþjónustu, s.s. aðstoð inni á heimili, í búsetuúrræðum og öðrum stuðningi til samfélagsþátttöku, meðal annars persónulegan stuðning sem nauðsynlegur er til að geta lifað í samfélaginu án aðgreiningar og til að koma í veg fyrir einangrun þeirra og aðskilnað frá samfélaginu
- þjónusta á vegum samfélagsins og aðstaða fyrir almenning standi fötluðu fólki til boða til jafns við aðra og mæti þörfum þeirra

Starfshópurinn skoðaði tvær sviðsmyndir:

1. Að núverandi starfsemi Vinjar verði lögð niður í lok árs 2021. Á þeim tíma verði unnið á einstaklingsmiðaðan hátt með hverjum og einum einstaklingi sem sækir Vin reglulega og þeir aðstoðaðir við að finna viðeigandi úrræði. Leitað verði eftir samstarfi við Hlutverkasetur og Klúbbinn Geysi og fl. þar um.
2. Að Reykjavíkurborg reki Vin á sama grunni og félagsstarfið. Samhliða yrði Vin hluti þeirrar endurskoðunar sem fram fer á félagsstarfi velferðarsviðs en í Reykjavík eru reknar 17 félagsmiðstöðvar. Tækifæri til breytinga eru talin felast í slíku samstarfi og því gæti þróun á starfsemi Vinjar gerst innan frá með þátttöku gesta í stað þess að starfsemin í núverandi mynd verði lögð niður. Ljóst er að slík útfærsla hefði minnst áhrif á fastagesti Vinjar.

Að mati starfshópsins eru handan við hornið ýmis tækifæri til breytingar og eflingar á starfsemi Vinjar. Þau tækifæri felast í því að geta komið til móts við bæði óskir gesta um að starfsemi Vinjar haldi áfram sem og að draga úr mögulegri aðgreiningu hópsins sem stuðli að því að gestum Vinjar gefist tækifæri á að vera þátttakendur í annarri starfsemi velferðarsviðs, s.s. félagsstarfi sem stuðlað gæti að aukinni samlögun hinna ýmsu hópa. Á fundi með gestum Vinjar 6. maí 2021 kom fram skýr ósk þeirra að starfsemi Vinjar héldist óbreytt en óskir lagðar fram um hverju mætti mögulega bæta við í starfsemi Vinjar. Nefndir voru ýmsir félagslegir atburðir sem eru tíðir í félagsstarfinu s.s. söngur, leiklist, kennsla á rafrænar lausnir og samneyti við aðra hópa, en þó í umhverfi sem þeir upplifa sig örugga í. Nefnt var að stundum væri húsnaði Vinjar of lítið fyrir það öflugra starf sem þar fer fram. Fram kom að það að fá í húsið bæði nema og sjálfboðaliða gæfi starfinu ferskan blæ.

#### **Fjárhagslegar forsendur:**

Samkvæmt þjónustusamningi um rekstur Vinjar er áætlaður kostnaður við rekstur Vinjar kr. 46 m.kr. Ef velferðarsvið tekur reksturinn yfir rúmast kostnaður innan fjáheimilda.

Fylgiskjöl:

Erindisbréf starfshóps jan. 2021

Niðurstöður starfshóps maí 2021

Jafnéttisskimun maí 2021